

Alþingi  
Erindi nr. P 135/2610  
komudagur 8.5. 2008

Akureyri 6. maí 2008

**Nefndasvið Alþingis**

**Austurstræti 8-10**

**150 REYKJAVÍK**

**Efni: Umsögn**

**Þingmál: Þskj. 847 – 546. mál, *Frumvarp til laga um opinbera háskóla***

**Sendandi: Félag háskólakennara á Akureyri**

**Almenn umfjötun:**

Félag háskólakennara á Akureyri þakkar fyrir að fá tækifæri til að hafa áhrif á lagasetningu sem á eftir að stýra starfsemi og móta vinnuskilyrði Háskólans á Akureyri á komandi árum. Frumvarpið vakti mikla athygli frá upphafi og hefur verið mjög umtalað manna á meðal síðan það kom fram og mánudaginn 5. maí hélt félagið fund þar sem Þorsteinn Gunnarsson, rektor, hafði framsögu á undan fjörugum umræðum. Því kemur þessi umsögn degi síðar en óskað var og biðjumst við velvirðingar á því. Hér á eftir er bent á ýmis atriði sem komu fram í þessum skoðanaskiptum.

Frumvarpið virðist aðallega taka mið af sameiningu Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands, t.d. með skilgreiningu megineiningarinnar „skóla”. Samkvæmt þeim hugmyndum sem kynntar hafa verið um sameininguna heitir þessi eining reyndar „svið” eins og fram kemur í 29. grein. Þar er einungis gert ráð fyrir grunneiningunni „deild” í Háskólanum á Akureyri. Því er margt í skipulagi og stjórnun háskóla samkvæmt frumvarpinu sem ekki á við tiltölulega lítinn háskóla. Nemendafjöldi í HA er varla nema eins og í einum „skóla” í HÍ, þótt námsframboð sé að vísu fjölbreyttara en í hverjum fyrirhuguðum skóla þar.

Þó að einkum komi fram aðfinnslur í þessu áliti er fengur í heildarlöggjöf sem þessari til að bregðast við nýjum kröfum á breyttum tímum.

#### 6. grein:

Félag háskólakennara á Akureyri hlýtur að andmæla nýrri skipan háskólaráðs. Samkvæmt núgildandi lögum eiga kennarar tvo fulltrúa af fimm, en samkvæmt frumvarpinu verður ekki nema einn af sjö fulltrúi „háskólasamfélagsins“ (sem verður ekki endilega kennari). Nýju háskólaráði eru fengin mikil völd við skipulagningu og stjórnun háskólanna og því er mikilvægt að þar sitji fleiri sem gerþekkja starfsemina innanfrá. Á fundinum sem félagið hélt um þetta mál 5. maí kom fram það álit að eftir breytinguna líktist háskóli fremur fyrirtæki en menntastofnun. Nær væri að þeir tveir fulltrúar sem háskólaráðið velur sjálf komi einmitt úr röðum starfsmanna eða nemenda en ekki utanfrá eins og frumvarpið áskilur. Víða í frumvarpinu stendur „Háskólaráð setur nánari reglur um .....“ svo að mikilvægt er að ráðið sé í nánnum tengslum við starfsfólk háskólanna og störf þess.

#### 10. grein:

Til bóta er að starfsmenn í stjórnsýslu fái að kjósa fulltrúa á háskólafund sem svo velur fulltrúa í háskólaráð, en nú hafa einungis kennarar með ótímabundna ráðningu kosningarétt og kjörgengi til háskólaráðs. Hins vegar lítur út fyrir að starfsmenn í stoðþjónustu hafi gleymst. Úr því mæti bæta með því að skjóta inn í 3. línu að ofan á bls. 4 tveim orðum: „fulltrúum starfsmanna við stjórnsýslu og stoðþjónustu.....“. Einnig er vert að íhuga hvort kennarar ættu ekki að eiga fleiri fulltrúa því að þeir eru áreiðanlega stærsti starfsmannahópurinn.

#### 13. grein:

Í skólaráði sitja samkvæmt þessari grein einungis stjórnendur og nemendur en hvorki fulltrúar kennara né annarra háskólamenntaðra starfsmanna. Það teljum við óeðlilegt.

#### 14. grein:

Ekki kemur fram í þessari grein hverjir munu eiga sæti á skólafundum, enda segir í 13. grein að háskólafundur skuli setja nánari reglur um skóla og deildir. Hér er dæmi um það mikla vald sem háskólaráð fær og minnst var á í umsögn um 6. grein. Við teljum að lögin þurfi að vera skýrari um þetta atriði. Á umræðufundi félagsins, sem minnst var á í upphafi, kom líka fram sú almenna athugasemd að lagafrumvarpið einkenndist af ákvæðum um stjórnun „skóla“ en varla væri minnst á stjórnun „deilda“ sem annast þó kjarnastarfsemina kennslu og rannsóknir. Er þá ætlunin að sú starfsemi falli undir 2. grein um „sjálfdegni“ háskóla sem háskólaráði er væntanlega falið? Enn áréttum við mikilvægi þess að ráðið verði skipað á annan hátt en gert er ráð fyrir í 6. grein.

21. grein:

Hér er sagt að nemandi, sem eigi unir námsmati kennara, geti snúið sér til viðkomandi skólaforseta. Nærtækara væri að hann sneri sér til formanns viðkomandi deildar sem ber hina faglegu ábyrgð samkvæmt 11. grein.


24. grein:

Því er ekki að neita að sumum finnst vera gefinn kostur á „skólagjöldum” í þessari grein þegar sagt er að háskólaráð geti gert tillögu til ráðherra um breytingar á hámarksfjárhæð skrásetningargjalda. Skólagjöld eru umdeilt mál en við leyfum okkur að fullyrða að ekki sé almennur vilji fyrir þeim meðal starfsmanna Háskólans á Akureyri og treystum því að skilgreining skrásetningargjaldsins í a-lið 24. greinar komi í veg fyrir þau. Fjárhagsvanda ríkisháskólanna og misræmi í tekjuöflun þeirra og einkarekinna háskóla verður að leysa með öðrum hætti.

29. grein:

Í almenna álitinu í upphafi var minnst á fyrirhugaða skiptingu Háskóla Íslands í „skóla” og skiptingu Háskólans á Akureyri í „deildir”. Á undanförunum tveim árum hefur HA verið endurskipulagður, m.a. með sameiningu deilda. Þannig verður „kennaradeild” ekki lengur til frá haustmíssi 2008, heldur „kennaraskor” í Hug- og félagsvísindadeild. Samt er kennaradeildin nefnd í þessari grein. Athygli vekur að „skorir”, „brautir” og „línur” eru ekki nefndar í frumvarpinu en þessi orð eru nú þegar notuð um vissar skipulagseiningar í HA og fleiri skólum. Notkun þessara orða hefur satt að segja verið misræm og frumvarpið bætir ekki úr því. Ef til vill ætti að leita nýrra orða til að forðast rugling. Reyndar var ein af spurningunum sem beint var til rektors HA á fundinum 5. maí hve margir „skólar” yrðu við háskólann og hvort þeim yrði skipt í „deildir” á annan hátt en nú er. Hann vildi ekki svara því afdráttarlaust en nefndi nokkra möguleika. Fram kom í máli margra að Háskólinn á Akureyri hefði gengið gegnum miklar skipulagsbreytingar á stuttum tíma og mál væri að linni þangað til meiri reynsla fengist af þeim.

Virðingarfyllt,



---

Þórir Sigurðsson,  
formaður FHA